

Mánudaginn 2. mars 1998.

Nr. 73/1998.

**Hólmfríður Einarsdóttir og
Þóra Dóra Einarsdóttir**

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

dánarbúi Einars Inga Einarssonar

Sigríði B. Einarsdóttur

Svönu Einarsdóttur

Ingibjörgu Bjarnadóttur

Arndísi Bjarnadóttur

Einari S. Bjarnasyni

Guðrúnu B. Bjarnadóttur og

Ásmundi Bjarnasyni

(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.)

Kærumál. Dánarbússkipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 5. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 30. janúar 1998, þar sem staðfest var ákvörðun skiptastjóra í dánarbúi Einars Inga Einarssonar 14. apríl 1997 um að selja áhöfn og fullvirðisrétt í eigu þess. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðilar krefjast þess, að umrædd ákvörðun skiptastjóra verði felld úr gildi, svo og, að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðilum gert að greiða kærumálskostnað.

Sóknaraðilar styðja kröfur sínar meðal annars þeim rökum, að ákvörðun skiptastjórans í áðurnefndu dánarbúi um að selja sérstaklega áhöfn og fullvirðisrétt jarðarinnar Varmahlíðar í Vestur-Eyja-fjallahreppi leiði til þess, að búskapur á jörðinni leggist niður. Álit fasteignasala 23. desember 1996 um verðmæti eigna, sem skiptastjóri hafi hlutast til um, að aflað yrði, hafi miðast við ósundurgreint

heildarverð fyrir jörðina með áhöfn, fullvirðisrétti og vélum. Ekkert álit hafi hins vegar komið fram um verðmæti einstakra eigna búans. Hafi skiptastjóra þó ótvírætt borið skylda til að ganga úr skugga um, hvort verðmæti eigna rýrnaði við að skilja fullvirðisréttinn frá jörðinni. Halda sóknaraðilar því fram, að þessi aðferð við sölu eigna sé til þess fallin að skaða hagsmuni þeirra, og hafi skiptastjóra verið óheimilt að taka slíka ákvörðun að kröfu meiri hluta erfingja. Vísar sóknaraðilar því til stuðnings til 3. mgr. og 4. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1991. Hins vegar hafi ekki verið sýnt fram á, að meiri hluti erfingja verði fyrir tjóni, ef bústofn og fullvirðisréttur fylgi jörðinni við sölu hennar, sem sé vilji sóknaraðila.

Varnaraðilar hafa lagt fyrir Hæstarétt bréf lögmanns síns 29. október 1997 til þess fasteignasala, sem verðlagði eignirnar. Í bréfinu er því beint til hins síðarnefnda að láta uppi álit á því, hvort heildarsöluverð hefði orðið hærra eða lægra, ef hver tegund eigna, það er jörðin með mannvirkjum, bústofn, fullvirðisréttur, vélar og tæki, hefði verið seld sérstaklega, en ekki allar í einu lagi, eins og gert sé ráð fyrir í áðurnefndri umsögn fasteignasalans. Var óskað eftir svari miðað við, að sala hefði farið fram í desember 1996, í apríl 1997 eða í október 1997.

Svarbréf fasteignasalans 30. október 1997 hefur einnig verið lagt fyrir Hæstarétt. Þar er lýst þeirri skoðun, að verð hefði væntanlega orðið eitthvað hærra, ef hver tegund eigna hefði verið seld sérstaklega, bæði miðað við sölu í desember 1996 og apríl 1997. Meiri vafi leiki um niðurstöðu, ef selt hefði verið í október 1997.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á með sóknaraðilum, að hin kærða ákvörðun skiptastjóra fari bersýnilega í bága við hagsmuni þeirra, sbr. 3. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1991. Að þessu virtu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Sóknaraðilar skulu greiða varnaraðilum málskostnað í héraði og kærúmálskostnað, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Hólmfríður Einarsdóttir og Þóra Dóra Einarsdóttir, greiði óskipt hverjum varnaraðila, dánarbúi Einars

Inga Einarssonar, Sigríði B. Einarisdóttur, Svönu Einarisdóttur, Ingibjörgu Bjarnadóttur, Arndísi Bjarnadóttur, Einari S. Bjarnasyni, Guðrúnu B. Bjarnadóttur og Ásmundi Bjarnasyni, samtals 20.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 30. janúar 1998.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 30. janúar 1998.

Sóknaraðilar eru dánarbúi Einars Inga Einarssonar, Varmahlíð, Vestur-Eyja-fjallahreppi, Sigríður B. Einarisdóttir, Árskógum 6, Reykjavík, Svana Einarisdóttir, Kambahrauni 9, Hveragerði, Ingibjörg Bjarnadóttir, Furu-grund 18, Kópavogi, Arndís Bjarnadóttir, Leirubakka 30, Reykjavík, Einar S. Bjarnason, Tungubakka 12, Reykjavík, Guðrún B. Bjarnadóttir, Kjarr-hólma 38, Kópavogi, og Ásmundur Bjarnason, Hraunbæ 58, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Hólmfríður Einarisdóttir, Sléttuvegi 13, Reykjavík, og Þóra Dóra Einarisdóttir, Maríubakka 24, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að dómurinn staðfesti þá ákvörðun skiptastjóra í dánarbúi Einars Inga Einarssonar frá 14. apríl 1997, að áhöfn og fullvirðisréttur (kvóti) í eigu dánarbúsins verði seld og að varnaraðilar verði úrskurðaðir in solidum til að greiða sóknaraðilum málskostnað með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að ákvörðun skiptastjóra á fundi 14. apríl 1997 um sölu kvóta og áhafnar jarðarinnar Varmahlíðar, Vestur-Eyja-fjallahreppi, verði hrundið. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 23. janúar 1998, var úrskurður í máli þessu, upp kveðinn 16. desember 1997, ómerktur og meðferð málsins í héraði frá þinghaldi þann dag að telja. Málið var endurflutt 30. janúar 1998.

Málavextir.

Með bréfi Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs skiptastjóra í dánarbúi Einars Inga Einarssonar, Varmahlíð, Vestur-Eyja-fjallahreppi, Rangárvallasýslu, sem lést 27. júní 1996, beindi hann til úr-lausnar dómsins ágreiningi erfingja um ráðstöfun eigna búsins.

Í bréfi skiptastjóra er greint frá því, að Sigurður Jakob Jónsson, sonur Þóru Dóru Einarisdóttur, og eiginkona hans, Anna Birna Þráinsdóttir, hafi

gert ítrekuð boð í jörðina Varmahlíð ásamt öllu fylgifé, og séu þau studd af móður hans og Hólmsfríði Einarisdóttur, varnaraðilum í máli þessu.

Sóknaraðilar, þær Sigríður og Svana Einarisdætur, svo og börn Bjarna Einarssonar, bróður hins látna, þau Ingibjörg, Arndís, Einar S., Guðrún B. og Ásmundur, hafi ekki viljað selja, en boðið að leysa til sín arfshluta varnaraðila fyrir sama verð.

Á skiptafundi 14. apríl 1997 hafi skiptastjóri ákveðið að ósk meiri hluta erfingja að selja fullvirðisrétt (kvóta) og áhöfn jarðarinnar Varmahlíðar. Þessari fyrirætlun hafi verið mótmælt af hálfu minni hluta erfingja. Á skiptafundi 18. apríl s. á. hafi verið reynt að jafna ágreining erfingjanna, en án árangurs, og hafi skiptastjóri þá ákveðið að hætta við sölu að svo stöddu og leita úrskurðar dómsins um ágreininginn.

Atvik að baki máli eru þau, að vegna veikinda Einars Inga Einarssonar fluttist Sigurður Jakob Jónsson að Varmahlíð í fardögum 1993. Ágreiningur er um, með hverjum hætti Sigurður Jakob kom að búrekstri í Varmahlíð fram til þess, að Einar Ingi lagðist inn á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum 29. mars 1996, en þá tók Sigurður Jakob við rekstri búins.

Ágreiningur milli erfingja leiddi til þess, að Þóra Dóra Einarisdóttir, móðir Sigurðar Jakobs, krafðist opinberra skipta á dánarbúinu, og var úrskurður þar að lútandi kveðinn upp 26. september 1996. Á fyrsta skiptafundi 14. október s. á. gengust erfingjar við ábyrgð á skuldum búins. Ákveðið var, að Sigurður Jakob skyldi sjá um rekstur búins í Varmahlíð á eigin ábyrgð og áhættu, meðan á skiptum stæði. Á fundinum kom fram, að Sigurður Jakob hefði áhuga á að kaupa jörðina.

Á skiptafundi 1. nóvember s. á. var fært til bókar, að erfingjar væru sam-mála um að selja jörðina með áhöfn, vélum, tækjum og kvóta, en ekki a. m. k. að svo stöddu hluta jarðarinnar eða einstök tæki og kvóta. Fékk skiptastjóri Magnús Leopoldsson, löggiltan fasteignasala til að meta jörðina. Samkvæmt mati hans, dags. 23. desember 1996, er „hugsanlegt“ sölu-verð jarðarinnar ásamt bústofni, vélum og framleiðslurétti 23.000.000 króna.

Á skiptafundi 13. janúar 1997 kom fram, að lögmaður Sigurðar Jakobs myndi skila skiptastjóra tillögum um kaup Sigurðar Jakobs á eignum dánarbúsins. Á skiptafundi 10. mars 1997 voru þeir erfingjar, sem eru sóknaraðilar máls þessa. Lýstu þeir yfir því, að öllum tilboðum Sigurðar Jakobs í eignir dánarbúsins væri hafnað og að þeir vildu sjálfir kaupa jörðina á mats-verði. Með bréfi, dags. 20. sama mánaðar, gerði Sigurður Jakob tilboð í jörðina, byggt á matsverðinu, en háð því skilyrði, að viðurkenndar yrðu kröfur hans, Önnu Birnu og varnaraðila Þóru Dóru á hendur búinu með

samtals 4.600.000 kr. Á skiptafundi sama dag gerði Sigurður Jakob nýtt tilboð í jörðina og bauð að staðgreiða sóknaraðilum, 3.500.000 kr. hverjum. Jafnframt kvaðst hann falla frá kröfu sinni, einnig Anna Birna og Þóra Dóra, að frátalinni kröfu vegna láns Þóru Dóru. Sjálfur lýsti hann yfir því, að hann tæki að sér skuld við Heimi og Þorgeir sf. Á skiptafundi 7. apríl 1997 var tilboðinu hafnað, og lýstu þeir erfingjar, sem eru sóknaraðilar máls þessa, yfir því, að þeir vildu ekki selja eignarhluta sína í jörðinni. Lýstu þeir jafnframt yfir, að þeir vildu greiða varnaraðilum sama verð og Sigurður Jakob hafði boðið og jafnframt halda þeim skaðlausum af öllum umdeildum kröfum í búið.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1997, óskuðu þeir erfingjar, sem eru sóknaraðilar máls þessa, eftir því við skiptastjóra, að hann segði Sigurði Jakob upp störfum. Jafnframt óskuðu þeir eftir því, að þeim yrði heimilað að taka við búrekstrinum á eigin ábyrgð og áhættu.

Með bréfi, dags. 10. apríl 1997, barst síðan enn nýtt tilboð í allar eignir dánarbúsins frá Sigurði Jakob. Í bréfinu kemur fram, að ef tilboðinu verði ekki tekið, séu varnaraðilar ekki tilbúnir að selja sína arfshluta og að þeir muni óska eftir, að skiptum verði lokið að lögum sem fyrst, þannig, að erfingjar eigi erfð sína í sameign. Þá kemur þar fram, að Þóra Dóra og Sigurður Jakob séu reiðubúin að reka búið, meðan á skiptum standi.

Á skiptafundi 14. apríl s. á. voru mættir þeir erfingjar, sem eru sóknaraðilar máls þessa, og lýstu þeir sig samþykka því, að jörðin Varmahlíð yrði í sameign erfingja og skiptum lokið samkvæmt því. Jafnframt gerðu þeir kröfu um, að búrekstri yrði hætt strax og kvóti jarðarinnar seldur. Einnig lýstu þeir yfir því, að vinnuframlags Sigurðar Jakobs væri ekki framar óskað. Á nefndum fundi var síðan hin umdeilda ákvörðun tekin, eins og að framan er rakið. Hinn 18. sama mánaðar tóku varnaraðilar síðan við rekstri búsins. Þeir hafa síðan með „byggingarbréfum“ byggt Sigurði Jakob 2/5 hluta jarðarinnar.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðilar halda því fram, að það sé megintilgangur dánarbússkipta að leysa upp tiltekna sameign erfingja. Þar sem ekki sé eining um það meðal erfingja í dánarbúi Einars Inga Einarssonar að eiga eignir búsins í sameign, hafi sóknaraðilar krafist þess, að hluti eignanna verði seldur og rekstri bús að Varmahlíð hætt. Vilji varnaraðilar ekki verða eigendur að jörðinni með sóknaraðilum, muni þeir gera kröfu um að fá að leysa til sín jörðina upp í arf, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 20/1991.

Það sé ótæk niðurstaða og í andstöðu við tilgang dánarbússkipta, nái

krafa varnaraðila fram að ganga, þar sem sóknaraðilar verði þá nauðbeygðir til að eiga eignirnar áfram og verði að greiða skuldir búsins auk erfðafjárskatts án þess að hafa handbært andvirði eignanna. Sóknaraðilar verði þá fyrir stórfelldu tjóni af völdum minni hlutans.

Það, hvort Sigurður Jakob eigi uppsagnarfrest eða ekki, geti ekki haft áhrif á það, hvort eignir búsins verði seldar. Þá hafi hann nú þegar látið af störfum í þágu búsins og rekstur þess í höndum varnaraðila. Hvorki varnaraðilar né Sigurður Jakob hafi setið jörðina með þeim hætti, að ábúðarréttur hafi getað stofnast.

Þá hljóti tilvísun varnaraðila til 14. gr. jarðalaga um ætlaðan rétt þeirra til þess að fá að halda áfram búrekstri á jörðinni að vera misskilningur, þar sem varnaraðilar hafi aldrei rekið bú að Varmahlíð. Og enda þótt skiptastjóri hafi falið varnaraðilum að sjá um rekstur búsins, á meðan mál þetta er til úrlausnar fyrir dómi, geti það ekki veitt þeim neinn rétt á grundvelli 14. gr., enda hafi það verið sett að skilyrði af hálfu sóknaraðila fyrir ráðsmennsku varnaraðila.

Sóknaraðilar mótmæla því, að sala umræddra eigna sé andstæð 3. og 4. mgr. 70. gr. laga um skipti á dánarbúum o. fl. Sala eignanna geti ekki valdið minni hlutanum tjóni, ef þær eru seldar hæsta fánlegu verði, og auk þess liggi það fyrir, að minni hlutinn geti keypt þær með því að bjóða markaðsverð.

Sóknaraðilar vísa til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni til 130. gr., sbr. og 131. gr. laga nr. 91/1991. Er því fram haldið, að málskotið til héraðsdóms sé vegna tilefnislausra andmæla varnaraðila við eðlilegum framgangi búskiptanna og til þess eins fallið að tefja fyrir skiptalokum. Þá kunni þegar orðnar tafir að leiða til þess, að lægra verð fáið fyrir framleiðsluréttinn. Loks muni málshöfðunin leiða til aukins kostnaðar við búskiptin.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðilar reisa kröfu sína á 3. og 4. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Samkvæmt 4. mgr. sé skiptastjóra að öllu jöfnu rétt að fylgja ályktun meiri hlutans, en það skuli skv. 3. mgr. þó ekki gert, ef slík ákvörðun er andstæð lögum, óframkvæmanleg, bersýnilega í bága við hagsmuni erfingja eða ef ætla má, að meirihlutavaldi sé beitt minni hlutanum til tjóns. Skiptastjóri geti þannig í krafti meirihlutavilja tekið allar venjulegar ákvarðanir um búið. Ákvörðun sú, sem hér er til úrlausnar, sé mikils háttar og skipti sköpum fyrir jörðina Varmahlíð.

Sérstök sameign stofnist við það, að fleiri en einn lögerfingi eru að tiltekinni eign. Hina umdeildu ákvörðun, sem myndi valda því, að ekki yrði leng-

ur búið á jörðinni, gæti meiri hluti erfingja ekki tekið, væri jörðin í sameign erfingja. Skiptastjóri í dánarbúi geti þannig ekki tekið ákvörðun, sem meiri hluti getur ekki tekið, hafi arfinum verið úthlutað í sameign til erfingja.

Fyrir liggi samþykki allra erfingja við því að eiga jörðina í sameign. Kvóti og áhöfn séu forsenda fyrir nýtingu hennar með þeim hætti, sem verið hafi um árábil. Samkvæmt kenningum fræðimannanna Gauks Jörundssonar og Ólafs Lárussonar þurfi samþykki allra sameigenda til óvenjulegra ráðstafana, t. d. ráðstafana, sem breyti tilgangi sameignarinnar. Til hinnar umdeildu ákvörðunar þurfi því samþykki allra erfingja.

Ákvörðun skiptastjóra fari bersýnilega í bága við hagsmuni minni hluta erfingja, sem óski eftir hlutdeild í bújörð í stað peningagreiðslna. Skiptastjóra beri að hafa í huga þann ákvörðunarrétt, sem hver erfingi hefur yfir þeim eignum, sem hann á í vændum. Skiptastjóri megi ekki með ákvörðun sinni gjörbreyta þeirri eign, sem til skipta er, og afhenda erfingjum allt aðra eign en til skipta kom. Við opinber skipti hafi minni hluti erfingja ekki afsalað sér eða glatað rétti, sem hann hefði ella að lögum. Ef svo væri, gæti meiri hluti erfingja alltaf með því að krefjast opinberra skipta náð fram ákvörðunum, sem hann gæti ekki í einkaskiptum og í sameign.

Þá halda varnaraðilar því fram, að ákvörðun skiptastjóra sé óframkvæmanleg, þar sem samkvæmt b-lið 2. gr. reglugerðar nr. 363/1996 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1996–1997 þurfi samþykki bæði ábúanda og eiganda fyrir ráðstöfun á greiðslumarki frá lögbýli. Ef eigendur eru fleiri en einn, þurfi samþykki allra. Framleiðslurád landbúnaðarins staðfesti ekki aðilaskipti, nema samþykki allra eigenda liggi fyrir, en staðfestingu þess þurfi, til að aðilaskipti að greiðslumarki (kvóta) öðlist gildi.

Einnig telja varnaraðilar, að hin umdeilda ákvörðun skiptastjóra sé þeim til tjóns. Fyrir liggi verðmat Magnúsar Leopoldssonar, löggilts fasteignasala, á jörðinni, en samkvæmt því metur hann jörðina ásamt áhöfn og kvóta á 23.000.000 króna. Skiptastjóra hafi borið að ganga úr skugga um, hvort heildarverðmæti búsins myndi rýrna við að selja kvóta og áhöfn frá jörðinni. Ekkert liggi fyrir um verðmæti dánarbúsins, verði það selt í hlutum. Krafa minni hluta erfingja sé, að jörðin Varmahlíð verði óskipt eign erfingja. Verði það niðurstaða héraðsdóms, að selja megi forsendur búskapar, muni minni hlutinn krefjast sölu jarðarinnar, annaðhvort af skiptastjóra eða á uppboði, til slita á sameign. Því skipti það máli og er minni hluta til tjóns, ef arfurinn minnkar við það að selja ekki búið í fullum rekstri með mjólkandi kúm og öðrum bústofni ásamt framleiðsluheimildum. Í aprílmánuði, þegar krafa meiri hluta um sölu kvóta hafi verið gerð, hafi verið búið að

nýta að verulegu leyti framleiðsluheimildir verðlagsársins og hugmyndir meiri hluta um verð fyrir kvóta því óraunhæfar.

Þá eru varnaraðilar einnig þeirrar skoðunar, að hin umdeilda ákvörðun skiptastjóra sé andstæð jarðalögum nr. 65/1976. Samkvæmt 1. gr. laganna er það tilgangur þeirra, að búseta sé á jörðum í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda, en fyrir liggi, að það sé vilji hreppsnefndar, að búskapur haldist á jörðinni.

Varnaraðilar benda einnig á til athugunar 14. og 15. gr. jarðalaga svo og hugsanlegan forkaupsrétt sveitarfélagsins, en sveitarfélagið geti jafnframt haft um það að segja, hvort samþykkt verði gjörbreytt nýting jarðar með t. d. skipulagðri sumarhúsabygging.

Þá er vísað til þess, að skiptastjóri geti ekki tekið ákvörðun, sem leggi af búskap í Varmahlíð, vegna þeirra réttinda, sem Sigurður Jakob hafi skv. ábúðarlögum nr. 64/1976, en skv. 6. gr. laganna verði að telja, að jörðin hafi verið byggð honum til lífstíðar, þar sem landsdrottinn hafi vanrækt að gera honum byggingarbréf. Sigurði hafi með byggingarbréfum varnaraðila verið byggð jörðin Varmahlíð að 2/5 hlutum. Þó að ekki verði fallist á, að Sigurður hafi öðlast lífstíðarábúðarrétt, verði honum ekki fyrirvaralaust gert að leggja niður atvinnu sína. Þá sé ákvörðun skiptastjóra óframkvæmanleg nú vegna viðmiðunar ábúðarlaga við fardaga.

Við munnlegan flutning málsins var því einnig haldið fram af hálfu varnaraðila, að réttur erfingja til útlagningar gengi að lögum frammar kröfu um sölu. Var því mótmælt af hálfu sóknaraðila, að sú málsástæða kæmist að í málinu.

Niðurstaða.

Dánarbú er lögpersóna eða ópersónulegur aðili að lögum, sem verður til við andlát manns og tekur við öllum réttindum hans og skyldum, nema það leiði af réttarreglum, löggerningum eða eðli máls, að slík réttindi eða skyldur flytjist með lögmatum hætti á hendur annarra eða falli niður. Þessi lögpersóna, sem er kennd við nafn hins látna, á sjálf þessi réttindi og ber þessar skyldur, en ekki þeir, sem kunna að njóta tilkalls til arfs. Meðan dánarbú er undir opinberum skiptum, fer skiptastjóri með forræði þess og er einn bær um að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur þess.

Þar sem lögpersónan dánarbú Einars Inga Einarssonar á sjálf samkvæmt framangreindu þau réttindi, sem um er deilt, en ekki erfingjarnir, þykja þær málsástæður varnaraðila, er lúta að því, að reglur um sérstaka sameign komi í veg fyrir, að eftir ályktun meiri hluta erfingja skuli fara um sölu á kvóta og áhöfn, ekki eiga við í máli þessu.

Í 70. gr. laga nr. 20/1991 um opinber skipti á dánarbúum o. fl. er mælt fyrir um, hvernig komist verði að niðurstöðu á skiptafundi um málefni, sem á undir ákvörðunarvald hans. Ákvörðun þá, sem deilt er um í máli þessu, tók skiptastjóri á grundvelli ályktunar meiri hluta erfingja á skiptafundi, en samkvæmt 4. mgr. 70. gr. ber skiptastjóra, greini fundarmenn á um ákvörðun, að öllu jöfnu að fylgja ályktun meiri hlutans. Hins vegar skal það ekki gert, ef efni eru til að víkja frá henni, vegna þess að hún sé andstæð lögum, óheiðarleg, óframkvæmanleg eða fari bersýnilega í bága við hagsmuni erfingja eða kröfuhafa, sem sóttu ekki fund eða hafa ekki enn gefið sig fram, eða feli í sér misnotkun aðstöðu af hendi meiri hluta fundarmanna á kostnað minni hluta.

Er því til úrlausnar, hvort einhverjir þeir fyrirvarar, sem samkvæmt 4. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1991 leiði til þess, að skiptastjóri skuli ekki fara eftir ályktun meiri hluta við ákvarðanir um málefni bús og varnaraðilar skírskota til, komi til greina.

Samkvæmt b-lið 2. gr. reglugerðar nr. 363/1996 um greiðslumark mjólkur þarf samþykki bæði ábúanda og eiganda fyrir ráðstöfun á greiðslumarki (kvóta) frá lögþýli, og séu eigendur fleiri en einn, þarf samþykki allra. Samkvæmt því, sem að framan greinir, á lögpersónan dánarbú Einars Inga Einarssonar sjálf réttindi búsins. Ekki verður við það miðað, að Sigurður Jakob Jónsson hafi stöðu ábúanda á jörðinni Varmahlíð. Verður því að telja, að samþykki skiptastjóra fyrir flutningi greiðslumarks nægi, liggi fyrir lögmæt ákvörðun um sölu.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er það Sigurður Jakob, sonur varnaraðila Þóru Dóru, sem gert hefur ítrekuð boð í jörðina Varmahlíð, en ekki varnaraðilar. Þykja varnaraðilar ekki hafa sýnt fram á, að hagsmunir þeirra sjálfra af því að fá hlutdeild í jörðinni sem bújörð séu slíkir, að ákvörðun um sölu á kvóta og áhöfn hennar fari svo bersýnilega í bága við hagsmuni þeirra sjálfra, að valda eigi því, að skiptastjóri skuli víkja frá ályktun meiri hluta erfingja.

Fyrir liggur mat Magnúsar Leopoldssonar, löggilts fasteignasala, á jörðinni ásamt áhöfn og kvóta. Ekkert liggur hins vegar fyrir um, að sala á kvóta og áhöfn jarðarinnar leiði til lægra heildarverðs fyrir eignir dánarbúsins en ef þær væru seldar í einu lagi, né þykja líkur hafa verið að því leiddar. Verður því ekki talið, að ætla megi, að meiri hlutinn hafi misbeitt valdi sínu minni hlutanum til tjóns.

Samkvæmt 1. gr. jarðalaga nr. 65/1976 er tilgangur laganna m. a. að tryggja, að eignarráð að landi og búseta á jörðum séu í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda. Þó að ákvörðun sú,

sem um er deilt í máli þessu, kunni að fara í bága við þá stefnu, sem mörkuð er í 1. gr. jarðalaga, verður ekki talið, að hún sé andstæð lögnum.

Ákvæði 14. gr. jarðalaga á við, þegar jörð er í sameign, en slíku er ekki til að dreifa í máli þessu. Þá þykir það ákvæði 15. gr. laganna, að landbúnaðar-ráðherra geti að þar til greindum skilyrðum heimilað sveitarstjórn eignar-nám, ekki eiga við í máli þessu.

Ekkert þykir liggja fyrir í málinu um, að Einar Ingi Einarsson heitinn hafi látið af búrekstri á jörð sinni, áður en hann lagðist á sjúkrahús skömmu fyrir andlát sitt. Verður því ekki fallist á, að hann hafi vanrækt að gera Sigurði Jakob byggingarbréf fyrir jörðinni og Sigurður Jakob þar með öðlast lífstíðarábúðarrétt skv. 6. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 né að viðmiðun ábúðar-laga við fardaga eigi við í málinu.

Þá er á það að líta, að meðan dánarbú er undir opinberum skiptum, er skiptastjóri einn bær um að ráðstafa hagsmunum þess. Sú ráðstöfun varnar-aðila að byggja Sigurði Jakob jörðina að 2/5 hlutum, verður því ekki talin bindandi fyrir dánarbúið. Verður því ekki til þess ætlast, að Sigurði Jakob verði fyrirvaralaust gert að leggja niður atvinnu sína.

Sú málsástæða varnaraðila, að réttur erfingja til útlagningar gangi að lög-um framar kröfu um sölu, þykir mega komast að í máli þessu, þar sem um lögbundin réttindi er að ræða samkvæmt lögum nr. 20/1991 um opinber skipti á dánarbúum o. fl., en í 36. gr. laganna er mælt fyrir um réttindi erf-ingja til að fá muni dánarbús lagða sér út til greiðslu arfs. Samkvæmt 3. mgr. 54. gr. laganna skal skiptastjóri, þegar erfingjar hafa lýst yfir ábyrgð á skuldbindingum búsins, leita svara þeirra við því, hvort þeir krefjast útlagn-ingar á tilteknum eignum til greiðslu arfs. Ekkert liggur fyrir um, að varnar-aðilar hafi gert kröfu um útlagningu á eignum þeim, sem um er deilt í máli þessu, til efnda á arfstilkalli sínu. Þá er á það að líta, að varnaraðilar geta ekki, nema um það sé samkomulag, krafist þess að fá að leysa til sín gegn peningagreiðslu eignir, sem eru verðmeiri en nemur arfshluta þeirra. Verður því að hafna þessari málsástæðu.

Samkvæmt framanröktu þykir ekkert það atvik, er varnaraðilar skírskota til og leiðir til þess samkvæmt 4. mgr. 70. gr. laga nr. 20/1991 um opinber skipti á dánarbúum o. fl., að skiptastjóri skuli ekki fara eftir ályktun meiri hluta erfingja, koma til greina. Ber því að staðfesta ákvörðun skiptastjóra um sölu á áhöfn og fullvirðisrétti (kvóta) jarðarinnar Varmahlíðar frá 14. apríl 1997.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að úr-skurða varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfi-lega ákveðinn 100.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun skiptastjóra í dánarbúi Einars Inga Einarssonar frá 14. apríl 1997 um, að áhöfn og fullvirðisréttur (kvóti) í eigu dánarbúsins verði seld. Varnaraðilar greiði sóknaraðilum 100.000 krónur í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.
